

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Ársreikningur 2015

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

kt. 510169-4339

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-11
Kennitölur.....	12
Fjárfestingarstefna 2016 (útdráttur).....	13

SKÝRSLA STJÓRNAR

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingarsjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Iðgjöld til sjóðsins voru 33 millj. kr. vegna 53 sjóðfélaga, en þau voru 43 millj. kr. árið áður. Að auki fékk sjóðurinn 2,4 millj. kr. framlag úr ríkissjóði vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.018 millj. kr. sem er 3,7% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 316 en að meðaltali þáðu 314 lífeyrisþegar greiðslur úr sjóðnum í mánuði hverjum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 21.237 millj. kr. í árslok 2015. Á árinu hækkaði hún um 1.366 millj. kr. eða um 6,9%. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 19.038 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar nema 3.352 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Arion banki hf. annast rekstur sjóðsins. Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 4,5 millj. kr. á árinu.

Árið 2015 var farsælt ár fyrir LSBÍ þegar á heildina er litið. Nafnávöxtun ársins var 12,1% og ytri skilyrði voru hagstæð. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar um 6,8% milli ára og er jákvæð um 17,6% í árslok 2015.


Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á árinu 2015 og efnahag hans 31. desember 2015 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2016

Stjórn


Jóhannes Þór Ingvarsson
Stjórnarformaður


Tryggvi E. Geirsson


Lára Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri


Snædis Ögn Flosadóttir

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 25. apríl 2016


ÍSLENSKIR
ENDURSKOÐENDUR
Íslenskir endurskoðendur ehf.


Guðni Þór Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2015

	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		7.324	9.261
Iðgjöld launagreiðenda		25.842	33.864
Sérstök aukaframlög		2.428	2.722
	6	<u>35.594</u>	<u>45.847</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	7,12	1.017.995	982.059
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	13	575	631
		<u>1.018.570</u>	<u>982.690</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	8	399.132	26.165
Vaxtatekjur og gengismunur	9,14	1.973.482	1.234.798
		<u>2.372.614</u>	<u>1.260.963</u>
Fjárfestingargjöld			
Umsýsluþóknun	10	8.546	7.621
Önnur fjárfestingargjöld		1.606	2.707
		<u>10.152</u>	<u>10.328</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10,16-19	13.251	11.945
		<u>13.251</u>	<u>11.945</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		1.366.235	301.847
Hrein eign frá fyrra ári		19.870.811	19.568.964
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>21.237.046</u>	<u>19.870.811</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum		4.798.170	4.089.043
Verðbréf með föstum tekjum		14.995.962	14.911.880
Veðlán		<u>224.878</u>	<u>226.796</u>
	20-23	<u>20.019.010</u>	<u>19.227.719</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		2.295	3.356
Aðrar kröfur		<u>3.403</u>	<u>412</u>
		<u>5.698</u>	<u>3.768</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		<u>1.235.410</u>	<u>662.582</u>
	Eignir samtals	<u>21.260.118</u>	<u>19.894.069</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	24	<u>23.072</u>	<u>23.258</u>
	Skuldir samtals	<u>23.072</u>	<u>23.258</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>21.237.046</u>	<u>19.870.811</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2015

	Skýr.	2015	2014
Inngreiðslur			
Iðgjöld		34.227	43.552
Fjárfestingartekjur		104.714	52.505
Afborganir verðbréfa		1.116.931	1.146.737
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		1.373.244	586.793
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.019.719	958.978
Seld veðlán		8.401	16.515
		<u>3.657.236</u>	<u>2.805.080</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		1.017.882	982.884
Fjárfestingargjöld		8.546	7.621
Rekstrarkostnaður án afskrifta		14.687	8.893
		<u>1.041.115</u>	<u>999.398</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>2.616.121</u>	<u>1.805.682</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum		861.433	1.405.329
Keypt verðbréf með föstum tekjum		1.153.906	473.715
Ný veðlán og útlán		27.954	15.062
		<u>2.043.293</u>	<u>1.894.106</u>
Hækkun (Lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum		572.828	(88.424)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>662.582</u>	<u>751.006</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>1.235.410</u>	<u>662.582</u>

Reikningsskilaaðferðir

1 Upplýsingar um sjóðinn

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. er með aðsetur að Borgartúni 19, Reykjavík. Sjóðurinn er hlutfallssjóður og hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum frá árinu 1998. Sjóðfélagar voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1998 sem fluttu ekki réttindi sín í kjölfar þess að bankanum var breytt í hlutafélag.

2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármáleftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum.

Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Samkvæmt 52. grein þeirra reglna eiga þær að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a. er lífeyrissjóðum heimilað að vinna ársreikninga vegna reikningsskila ársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans hf. nýtir sér þá heimild. Að auki skal í skýringum sjóða sem nýta sér heimildina veita upplýsingar um þóknunir og kostnað samkvæmt lið 3.7 Fjárfestingargjöld í 10. gr. reglna nr. 335/2015 og samkvæmt ákvæðum 40. og 41. gr. reglnanna.

3 Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 11.

4 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5 Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6 Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum.

7 Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Einnig greiðir sjóðurinn dánarbætur.

8 Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á verði bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9 Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

10 Rekstrarkostnaður

Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins og ber kostnað vegna innri endurskoðunar, en sjóðurinn greiðir sjálfur vörslubóknun, laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar, eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt.

11 Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, sé það lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

Lífeyrir

12 Greiddur lífeyrir sundurliðast þannig

	2015	2014
Ellilífeyrir.....	894.487	867.433
Örorkulífeyrir.....	27.455	20.875
Makalífeyrir.....	94.678	91.755
Barnalífeyrir.....	219	303
Dánarbætur	1.156	1.693
	<u>1.017.995</u>	<u>982.059</u>

13 Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig

Kostnaður vegna örorkumats.....	196	182
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður.....	379	449
	<u>575</u>	<u>631</u>

Fjárfestingartekjur

14 Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig

Skuldabréf.....	1.034.608	946.661
Veðskuldabréf.....	12.100	10.884
Hlutdeildarskírteini.....	878.543	245.905
Aðrar vaxtatekjur.....	48.231	31.348
	<u>1.973.482</u>	<u>1.234.798</u>

15 Áætluð umsýsluþóknun sjóða sem fjárfest hefur verið í	2015	2014
Meðalstaða eigna í innlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestastjóðum.....	2.468.316	2.025.849
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestastjóða..	44.762	39.489
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins.....	0,21%	0,20%
Meðalstaða eigna í erlendum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestastjóðum.....	177.538	118.581
Áætluð hlutdeild í umsýsluþóknun innlendra verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestastjóða..	1.981	1.672
Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðsins.....	0,01%	0,01%

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestastjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 10. febrúar 2016. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýsluþóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er sem áður innifalinn í vaxtatekjum og gengismuni meðal fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

Rekstrarkostnaður

16 Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig	2015	2014
Laun og launatengd gjöld.....	5.272	4.867
Endurskoðun.....	717	678
Tryggingastærðfræðingur.....	1.469	1.808
Lögfræðikostnaður.....	25	19
Fjármálaeftirlitsgjald.....	4.390	4.106
Annar kostnaður.....	1.378	467
	<u>13.251</u>	<u>11.945</u>

17 Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig	2015	2014
Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar.....	4.536	4.183
Lífeyrisiðgjöld.....	369	341
Tryggingagjald.....	367	343
	<u>5.272</u>	<u>4.867</u>

Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig

Jóhannes Þór Ingvarsson, formaður stjórnar.....	1.659	1.593
Lára Jóhannsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd.....	1.244	1.085
Tryggvi E. Geirsson, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd.....	1.309	1.216
Þórunn Kristinsdóttir, endurskoðunarnefnd.....	324	289
	<u>4.536</u>	<u>4.183</u>

18 Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til Íslenskra endurskoðenda, ytri endurskoðanda sjóðsins, vegna endurskoðunar á sjóðnum nam 717 þús kr. vegna ársins 2015 en var 678 þús kr. árið 2014

19 Þóknanir til tryggingastærðfræðings (með vsk)

Þóknanir vegna tryggingastærðfræðings eru bæði færðar meðal rekstrarkostnaðar og undir liðnum annar beinn kostnaður vegna örorkumats

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	918	929
Önnur þjónusta	733	1.047
	<u>1.651</u>	<u>1.976</u>

Eignir

20 Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig	2015	2014
Hlutabréf		
Innlend hlutabréf, skráð.....	1.047.189	553.976
Innlend hlutabréf, óskráð.....	1.168.961	1.323.307
Erlend hlutabréf, skráð.....	130.917	91.978
	<u>2.347.067</u>	<u>1.969.261</u>
Hlutdeildarskírteini		
Innlendir verðbréfasjóðir, skuldabréfasjóðir.....	148.680	0
Innlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir.....	2.079.801	1.984.639
Erlendir verðbréfasjóðir, skuldabréfasjóðir.....	78.363	16.945
Erlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir.....	144.259	118.198
	<u>2.451.103</u>	<u>2.119.782</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals.....	<u>4.798.170</u>	<u>4.089.043</u>
21 Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig		
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	12.154.940	12.537.190
Skuldabréf lánastofnana.....	867.772	577.137
Skuldabréf sveitarfélaga.....	50.607	42.963
Skuldabréf fyrirtækja.....	1.922.643	1.754.590
	<u>14.995.962</u>	<u>14.911.880</u>

Áætlað markaðsverð bréfanna var 16.650 millj. kr. í árslok 2015.

22 Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals 2015
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	4.444.631	353.539	4.798.170
Verðbréf með föstum tekjum.....	14.029.726	966.236	14.995.962
Veðlán.....	224.878	0	224.878
	<u>18.699.235</u>	<u>1.319.775</u>	<u>20.019.010</u>

23 Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka og innlána var þannig á árinu 2015, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum í samræmi við reglur 916/2009 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttekt á ávöxtun.

	Raun-ávöxtun
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,1%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,4%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra fjármálastofnana	3,5%
Hlutabréf.....	23,5%
Hlutdeildarskírteini.....	82,4%
Sjóðsfélagalán	3,3%
Skuldabréf fyrirtækja	4,2%
Innlán í bönkum og sparissjóðum.....	4,9%

Raunávöxtun er ávöxtun sjóðsins, umfram verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs, miðað við meðalstöðu verðbréfaflokka í upphafi og lok árs.

Skuldir

24 Aðrar skuldir greinast þannig	2015	2014
Ógreidd staðgreiðsla.....	22.108	21.948
Launatengd gjöld.....	47	74
Ógreitt til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs.....	70	117
Aðrar skammtímaskuldir.....	847	1.119
	<u>23.072</u>	<u>23.258</u>

Skuldbindingar

25 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur heildar lífeyrisskuldbinding sjóðsins 18.986 millj. kr. í árslok 2015 miðað við að ávöxtun sjóðsins verði 3,5% árlega umfram hækkun verðlags og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2015 er 22.457 millj. kr. eða 3.471 millj. kr. hærri en skuldbinding. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2015 greinist þannig í milljónum króna:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	21.237	0	21.237
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti.....	1.213	0	1.213
Fjárfestingargjöld.....	(196)	0	(196)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	136	136
Eignir samtals.....	<u>22.254</u>	<u>136</u>	<u>22.390</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir.....	15.502	289	15.791
Örorkulífeyrir.....	214	3	217
Makalífeyrir.....	2.598	32	2.630
Barnalífeyrir.....	1	1	2
Dánarbætur.....	71	0	71
Rekstrarkostnaður.....	320	8	328
Skuldbindingar samtals.....	<u>18.706</u>	<u>332</u>	<u>19.038</u>
Eignir umfram skuldbindingar	3.548	(197)	3.352
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	19,0%	(59,1%)	17,6%

26 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	2015	2014
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	745.000	620.000
Heildarfjárfestingar	(478.104)	(384.496)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	<u>266.896</u>	<u>235.504</u>

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit

	2015	2014	2013	2012	2011
Ávöxtun					
Hrein raunávöxtun.....	9,9%	5,4%	8,3%	5,9%	4,7%
Nafnávöxtun.....	12,1%	6,5%	12,3%	10,7%	10,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár.....	7,1%	5,9%	5,7%	3,0%	3,0%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðustu 5 ár.....	10,2%	9,5%	10,9%	10,7%	10,9%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár.....	5,2%	5,6%	6,9%	7,2%	7,1%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðustu 10 ár.....	10,9%	11,8%	13,5%	13,6%	13,3%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	7,4%	4,3%	3,3%	2,8%	1,9%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	16,6%	17,0%	12,7%	5,4%	5,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	69,3%	71,4%	77,6%	82,6%	86,5%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	5,6%	6,2%	5,1%	7,8%	4,9%
Veðlán, óskráð.....	1,1%	1,2%	1,3%	1,4%	1,7%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum.....	93,4%	94,7%	95,1%	96,6%	96,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	6,6%	5,3%	4,9%	3,4%	3,4%
Fjöldi					
Fjöldi sjóðfélaga.....	53	62	69	73	98
Fjöldi lífeyrisþega.....	314	306	292	286	265
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir.....	88,0%	88,5%	86,9%	87,1%	85,9%
Makalífeyrir.....	9,3%	9,4%	10,5%	10,5%	12,0%
Örorkulífeyrir.....	2,7%	2,1%	2,5%	2,3%	2,0%
Barnalífeyrir.....	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	17,6%	10,8%	8,7%	15,3%	12,7%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	19,0%	12,4%	10,8%	16,5%	14,8%

Skilgreiningar:

Hrein raunávöxtun.....	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá
Fjöldi sjóðfélaga.....	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
Fjöldi lífeyrisþega.....	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

FJÁRFESTINGARSTEFNA 2016 (ÚTDRÁTTUR)

Forsendur fjárfestingarstefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktu sjóðsins og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga.

Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Umreikningur miðast við breytingu launavísitölu. Einnig er mögulegt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast greiðslur samkvæmt samþykktum sjóðsins. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnt ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur þegar 60 ára aldri er náð hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda. Gert er ráð fyrir því að allir sjóðfélagar sem eiga þess kost muni nýta sér þessa 95 ára reglu.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7. - 9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðsfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykktu sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhattu hjá Okkar líftryggingum hf.

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna

	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	5%	0-15%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	60%	45-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	5%	0-15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-5%
Hlutabréf	15%	0-40%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	0-10%
Önnur verðbréf	9%	0-20%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0-1%
Samtals	100%	
Hlutabréf	15%	0-40%
Skráð innlend hlutabréf	9%	0-40%
Óskráð innlend hlutabréf	4%	0-30%
Erlend hlutabréf	2%	0-10%
Önnur verðbréf	9%	0-20%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0-15%
Erlend skuldabréf	2%	0-5%
Annað	2%	0-10%